

---

## Náma E2-e - Sæluhúsahæðir við Kaldadalsveg í Bláskógabyggð

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### INNGANGUR

Þann 13. júlí 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni á Selfossi um fyrirhugaða námu E2-e -Sæluhúsahæðir við Kaldadalsveg í Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 11. ágúst 2015, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 24. júlí 2015, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 23. júlí 2015 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. ágúst 2015.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að fyrirhugað er að taka efni úr nýrri námu, E2e við Sæluhúsahæðir við Kaldadalsveg, vegna framkvæmda við lagningu bundins slitlags á þegar uppbyggðum kafla Kaldadalsvegjar frá núverandi slitlagenda sunnan Ármannsfells að Uxahryggjavegi.

Fram kemur að fyrirhuguð efnistaka verður úr klapparholti rétt austan við Sæluhúsahæðir og vestan við Sæluhúsakvísl og liggja sunnan við Litla-Brunnavatn í um 500 m fjarlægð frá núverandi Kaldadalsvegi og milli hans og eldri vegar og verður aðkoma að henni eftir gamla veginum. Náman sé á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar merkt E2e.

Efnistaka úr námunni verður samtals um 20.000 m<sup>3</sup> á um 3.000 m<sup>2</sup> svæði, en auk þess er afmarkað um 3.500 m<sup>2</sup> haugstæði. Gert er ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verði það tilgreint í gögnum sem afhent verði verktaka.

Fram kemur að þegar efnistöku teljist að fullu lokið verður gengið frá lausu efni sem ekki nýtist í vegagerð undir stáli námunnar þannig að það falli eins og kostur er að umhverfinu og almennt verði frágangi hagað þannig að ekki skapist hætta á jarðvegsrofi. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis og brúnir efnistökusvæðis aðlagðar að landinu í kring. Reynt verður að komast hjá því að það myndist vatnsuppistaða í námunni. Botn klapparnámunnar verður jafnaður út með ónothæfu efni sem til falli við efnisvinnsluna. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum námunnar til að aðlaga námusvæðið betur að landi. Í lok framkvæmda verður lífrænum jarðvegi síðan jafnað yfir þar sem hann sé til staðar. Allur frágangur á námusvæðinu verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar og fulltrúa Umhverfisstofnunar.



Fram kemur að mögulegt sé að svæðið verði nýtt síðar, en ákvörðun um það verði tekin þegar þar að kemur. Ef stækka á námuna umfram það sem fjallað sé um í tilkynningu þessari hér, verður það metið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fram kemur að náman er staðsett innan náttúruverndarsvæðis nr. 743: Þingvellir og Þingvallavatn en um er að ræða vatnsverndarsvæði Þingvallavatns sem nýtur verndar samkvæmt lögum um Þingvallavatn og vatnasviðs þess lög nr. 85/2005.

**Áhrif á ásýnd.** Fram kemur að náman verður norðan megin í Sæluhúsaárhæðum og því ekki sýnileg frá Kaldadalsvegi en mun sjást frá gamla veginum. Náman mun hafa áhrif á landslagið en með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum verð hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á landslag. Stuðlað verður að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkaðan efnistökkustað. Leitast verður við að útmörk námunnar falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verður óheimill.

**Áhrif á jarðmyndanir.** Fram kemur að engum jarðlögum sem hafi verndargildi verði raskað né spilt við efnistökkuna og klapparhæðin sé ekki talin sérstök né markverð. Hægt sé að taka efni úr hæðinni og ganga frá henni þannig að efnistakan falli vel að landi.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að efnistakan verði í lítt gróinni klapparhæð og raskist því lítil gróður, sem virðist auk þess vera svipaður og víða í nágrenninu.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að umrætt svæði henti að mörgu leyti vel til efnistöku sérstaklega m.t.t. aðkomu, tiltölulega góðrar aðstöðu við námuna og hversu auðvelt sé að ganga frá námunni. Umhverfisstofnun telur að ef Vegagerðin ráðgeri frekari efnistöku úr þessari námu ætti að haga efnistökkunni þannig að ekki verði innsýn í námuna frá Kaldadalsvegi.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýtt efnistökusvæði við Sæluhúsaárhæðir í Bláskógabyggð og fyrirhugað er að vinna um 20.000 m<sup>3</sup> af efni á um 3.000 m<sup>2</sup> svæði.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka muni hafa nokkuð neikvæð sjónræn áhrif á rekstrartíma námunnar vegna staðsetningar og umfangs. Einnig má gera ráð fyrir einhverri truflun af völdum efnisflutninga á framkvæmdatíma. Með góðum frágangi að framkvæmdum loknum má hins vegar draga úr neikvæðum áhrifum. Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistöku á gróður eða jarðmyndanir verði óveruleg.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að geymsla olíuefna verði ekki á námusvæðinu umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni til að lágmarka hættu á að spilliefni berist í grunnvatn á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og



umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð náma E2-e -Sæluhúsahæðir við Kaldadalsveg í Bláskógabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. Þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. 13. gr. Skipulagslaga, reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. september 2015.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson